

# Gleðjumst á ferð okkar

THOMAS S. MONSON FORSETI

*Njóttum lífsins um leið og við lifum því, gleðjumst á ferð okkar og miðlum vinum og fjölskyldu ást okkar.*



**K**æru systkini, ég stend auðmjúkur frammi fyrir ykkur í dag. Ég bið um trú ykkar og bænir í mína þágu er ég ræði um það sem hvílt hefur á huga mér og mér finnst ég knúinn til að deila með ykkur.

Ég byrja á því að minnast á einn óhjálkæmílegan þátt í lífi okkar hér á jörðu, og það er *breyting*. Einhvern tíma höfum við öll heyrt einhverja mynd þessa orðtaks: „Ekkert er eins óbreytanlegt og breytingin.“

Í lífi okkar verðum við að takast á við breytingar. Sumar breytingar

eru vel þegnar, aðrar ekki. Stundum verða breytingar í lífi okkar skyndilegar, eins og óvænt andlát ástvinar, ófyrirsjáanleg veikindi, eða tap á eigum sem við metum mikils. Flestar breytingar gerast þó óljóst og hægfara.

Á þessari ráðstefnu eru 45 ár liðin síðan ég var kallaður til Tólfpostulasveitarinnar. Sem ungur meðlimur hinna Tólf á þeim tíma leit ég upp til fjórtán sérstakra manna, sem voru mér reyndari í sveit hinna Tólf og í Æðsta forsætisráðinu. Einn af öðrum hafa þessir menn snúið heim. Þegar Hinckley forseti andaðist fyrir átta mánuðum, var mér ljóst að ég var orðinn starfsreyndasti postulinn. Breytingarnar sem á fjörutíu og fimm ára tímabili voru stigvaxandi virðast nú minnisverðar.

Í næstu viku munum við systir Monson og ég fagna 60 ára hjúskaparafmæli. Þegar ég lít aftur til fyrstu ára okkar saman, verður mér ljóst hve mikið líf okkar hefur breyst síðan þá. Ástkærir foreldrar, sem stóðu við hlið okkar er við hófum sameiginlega ferð okkar, eru nú horfnir. Þrjú

börn, sem fylltu líf okkar svo algerlega í mörg ár, eru nú orðin fullorðin og eiga sínar eigin fjölskyldur. Flest barnabörn okkar eru fullvaxta, og við eigum nú fjögur barnabarnabörn.

Dag eftir dag, mínútu eftir mínútu, sekúndu eftir sekúndu, héldum við þaðan sem við vorum fyrst og þangað sem við erum nú. Líf okkar allra tekur að sjálfsgöðu svipuðum breytingum og umskiptum. Munurinn á breytingum í mínu lífi og breytingum í ykkar lífi felst aðeins í smáatriðunum. Tíminn stendur aldrei kyrr, hann verður stöðugt að halda áfram og á göngunni koma breytingarnar.

Þetta er okkar aleina tækifæri í jarðnesku lífi – hér og nú. Því lengur sem við lifum, því betur gerum við okkur ljóst að lífið er stutt. Tækifærin koma, en síðan eru þau horfin. Ég tel að meðal stærstu lexianna sem við eigum að læra á þessari stuttu ferð okkar séu þær sem hjálpa okkur að greina hvað skiptir máli og hvað ekki. Ég bið ykkur að láta ekki það mikilvægasta ganga ykkur úr greipum er þið gerið áætlun fyrir þá ímynduðu og óraunhæfu framtíð, er þið hafið tíma til að gera allt sem ykkur langar til. Gleðjist þess í stað á ferð ykkar – núna.

Ég er það sem eiginkona mín, Frances, kallar „söngleikafíkill.“ Ég nýt margra söngleikja, og einn uppáhalds söngleikinn minn samdi amerískt tónskáld, Meredith Wilson, og heitir það *The Music Man*. Prófessorinn Harold Hill, ein aðalpersónan í sýningunni, gefur ábendingu sem ég vil deila með ykkur. „Ef þið safnið nægum morgundögum,

komist þið að raun um að þið hafið safnað fjölda af tómunum gærdögum.“<sup>1</sup>

Bræður og systur, það verður enginn minnisverður morgundagur, ef við gerum ekki eitthvað í dag.

Ég hef áður deilt með ykkur dæmi um þessa speki. Ég tel að það sé vert endurtekningar. Fyrir mörgum árum skrifaði Arthur Gordon grein í þekkt tímarit, og ég vitna í hana:

„Þegar ég var um 13 ára og bróðir minn 10 ára lofaði faðir okkar að fara með okkur í sirkus. En um hádegis hringdi síminn. Eitthvert áriðandi mál kom upp niðri í bæ sem hann þurfti að sinna. Við bjuggum okkur undir vonbrigði. Þá heyrðum við hann segja í símann: „Nei, ég kem ekki. Það verður að bíða.“

Þegar hann settist aftur við borðið brosti móðir okkar. „Sirkusinn kemur aftur, þú veist það,“ sagði hún.

„Ég veit,“ sagði faðir minn. „En það gera æskuárin ekki.“<sup>2</sup>

Ef þið eigið börn sem eru fullvaxta og farin, hafið þið sennilega öðru hverju fundið til missis og ykkur fundist sem þið hafið ekki metið þann tíma lífsins eins og skyldi. Að sjálfsgöðu verður ekki aftur snúið, aðeins fram á við. Frekar en að dvelja við hið liðna ættum við að nýta sem best daginn í dag, hér og nú, gera allt sem við getum til þess að skapa ánægjulegar minningar fyrir framtíðina.

Ef þið eruð enn að ala upp börn, gerið ykkur þá ljóst að litlu fingraförin sem birtast næstum á hverjum nýhreinsuðum flöt, leikföngin sem dreifð eru um allt hús, óhreina tau-ið sem hleðst upp, allt mun þetta hverfa allt of fljótt og þið munuð

– ykkur til undrunar – sakna þess mikið.

Streita verður í lífi okkar hverjar sem aðstæðurnar eru. Við verðum að takast á við hana eftir bestu getu. En við ættum ekki að láta hana koma í veg fyrir það sem mikilvægast er – og það sem mestu skiptir næstum alltaf, varðar þá sem umhverfis okkur eru. Oft höldum við að þau *hljóti* að vita hve heitt við elskum þau. En við ættum aldrei að halda; við ættum að láta þau vita. William Shakespeare skrifaði: „Þeir elska ekki sem sýna ekki ást sína.“<sup>3</sup> Við sjáum aldrei eftir fallegum orðum sem sögð eru eða ástúd sem sýnd er. Eftirsjáin verður frekar yfir því sem við létum ógert í samskiptum okkar við þá sem mestu skipta í lífi okkar.

Sendið miðann til vinar sem þið hafið vanrækt; faðmið barnið ykkar; faðmið *foreldra* ykkar; segið „ég elska þig“ oftar; látið alltaf í ljós þakklæti. Látið aldrei vandamálið sem leysa á verða mikilvægara en þann sem elska á. Vinir flytja burt, börn vaxa upp, ástvinir kveðja þetta líf. Það er svo auðvelt að taka aðra sem gefna, þar til þeir eru einn daginn horfnir úr lífi okkar og við stöndum eftir og hugsun „hvað ef“ og „aðeins ef.“ Rithöfundurinn Harriett Beecher Stowe sagði: „Bitrustu tárin sem við fellum við grafirnar eru vegna ósagðra orða og óunninna verka.“<sup>4</sup>

Árið 1960, á tímum Víetnam stríðsins, var kirkjumeðlimurinn Jay Hess, flugmaður, skotinn niður yfir Norður-Víetnam. Í tvö ár hafði fjölskylda hans ekki hugmynd um hvort hann væri lífs eða liðinn. Þeir sem héldu honum föngnum í Hanoi

leyfðu honum loks að skrifa heim, en takmörkuðu það við innan við tuttugu og fimm orð. Hvað mynduð þið segja við fjölskyldu ykkar við þær aðstæður – eftir að hafa ekki séð hana í rúm tvö ár og vita ekki hvort þið sæjuð hana nokkru sinni aftur? Bróðir Hess vildi gefa fjölskyldu sinni eitthvað sem hún vissi að var frá honum, og gæfi þeim dýrmæt ráð, og því skrifaði hann – og ég vitna í orð hans: „Þetta er mikilvægt: Musterishjónaband, trúboð, menntun. Sækið fram, setjið markið, skrifið sögu ykkar, takið myndir tvisvar á ári.“<sup>5</sup>

Njótum lífsins um leið og við lifum því, gleðjumst á ferð okkar og miðlum vinum og fjölskyldu ást okkar. Dag einn verðum við öll uppiskroppa með morgundaga.

Í Jóhannesarguðspjalli í Nýja testamentinu, kapítula 13, versí 34, segir frelsarinn við okkur: „Eins og ég hef elskað yður, skuluð þér einnig elska hver annan.“

Sum ykkar þekkið ef til vill hið sígilda leikrit Thorntons Wilder *Bærinn okkar*. Ef svo er, munið þið eftir bænum Grovers Corner, þar sem sagan gerist. Í leikritinu deyr Emily Webb af barnsförum og við lesum um sáran söknuð eiginmanns hennar, George, sem er einn með fjögurra ára son þeirra. Emily vill ekki hvíla í friði, hún vill fá að njóta aftur gleðinnar í lífinu. Hún fær að njóta þeirra forréttinda að snúa aftur til jarðar og endurlifa tólfta afmælisdaginn sinn. Í fyrstu er það mjög gaman að vera ung aftur, en hrifningin hverfur fljótt. Dagurinn færir enga gleði nú þegar Emily veit hver framtíðin verður. Það er óbærilega sárt að sjá hve

ómeðvituð hún var um merkingu og undur lífsins þegar hún var á lífi. Áður en Emily snýr aftur í hvíldarstað sinn harmar hún: „Gera mennirnir sér aldrei grein fyrir lífinu meðan þeir lifa því – hverri mínútu, sér-hverri mínútu?“

Vitund okkar um það sem mestu skiptir í lífinu helst í hendur við þakklætið fyrir blessanir okkar.

Vel þekktur rithöfundur sagði: „Bæði gnægð og skortur [gnægðar] er samtímis í lífi okkar, samhliða raunveruleiki. Það er ávallt meðvit- að val okkar hvorn leynigarðinn við önnumst . . . Þegar við veljum að einblína ekki á það sem vantar í lífi okkar, erum við þakklát fyrir gnægðina sem til staðar er – ást, heilsu, fjölskyldu, vini, starf, gleði náttúrunnar og persónulegrar iðju, sem færir okkur [hamingju] – öræfi tálmyndarinnar hverfa og við njótum himnaríkis á jörðu.““

Í Kenningu og sáttmálum, kafla 88, versí 33 segir: „Því að hvað gagnar það manningum, ef gjöf er honum gefin og hann veitir gjöfinni ekki viðtöku? Sjá, hann gleðst ekki yfir því, sem honum er gefið, né heldur gleðst sá, sem gjöfina gefur.“

Hinn forni rómverski heimspekingur Hóras sagði: „Takið með þakklátri hendi hverri klukkustund sem Guð hefur blessað ykkur með, og frestið ekki gleði ykkar ár eftir ár; að hvar sem þið hafið verið getið þið sagt, að þið hafið lifað hamingjusöm.“

Fyrir mörgum árum varð ég snortinn af sögu Borghildar Dahl. Hún fæddist í Minnesota árið 1890 og voru foreldrar hennar norskir, en frá fyrstu árum hennar var sjón hennar verulega skert. Hún þráði

heitt að taka þátt í daglegu lífi, þrátt fyrir fötlun sína, og af einskærri festu og þrautseigju náði hún góðum árangri í næstum öllu sem hún tók sér fyrir hendur. Gegn ráðum kennara, sem töldu að fötlun hennar væri of mikil, sótti hún háskóla og tók B.A. próf við Háskóla Minnesota. Hún lærði síðar við Columbia háskólann og háskólann í Osló. Hún varð að lokum skólastjóri átta skóla í vestur Minnesota og norður Dakota.

Hún skrifaði eftirfarandi í eina af sautján bókum sem hún samdi: „Ég hafði aðeins eitt auga, og það var svo þakið þéttum örur að ég varð að horfa á allt gegnum smá op á vinstra auga. Ég gat því aðeins séð bók að ég héldi henni fast upp að andlitinu og beindi sjónum þessa eina auga eins lagt til vinstri og ég gat.“<sup>7</sup>

Það undur gerðist að 1943 – þegar hún var rúmlega 50 ára – var byltingarkennd aðgerð gerð sem gaf henni að lokum að mestu leyti aftur þá sjón sem hún hafði verið án svo lengi. Nýr og spennandi heimur opnaðist henni. Hún hafði mikla ánægju af því smáa sem flest okkar tökum sem gefið, til dæmis að horfa á fugl fljúga, ljósið endurspeglast í sápukúlunum í uppþvottvatninu, eða horfa á tunglið á hverju kvöldi. Hún lauk einni bók sinni með þessum orðum: „Kæri . . . faðir á himnum, ég þakka þér. Ég þakka þér.“<sup>8</sup>

Borghildur Dahl var, bæði áður og eftir að hún fékk sjón sína, full þakklætis fyrir blessanir sínar.

Árið 1982, tveimur árum áður en hún dó, 92ja ára að aldri, kom síðasta bók hennar út. Hún ber heitið: *Hamingjusöm alla ævi*. Þakklæti hennar gerði henni mögulegt að

meta blessanir sínar og lifa fullu og auðugu lífi þrátt fyrir vandann.

Í fyrra Þessaloníkubréfi Nýja testamentisins, 5. kapítula, 18. versí, segir Páll postuli: „Þakkið alla hluti, því að það er vilji Guðs.“

Minnist með mér frásagnarinnar af hinum tíu líkþráu:

„Og er [Jesús] kom inn í þorp nokkurt, mættu honum tíu menn líkþráir. Þeir stóðu á lengdar,

hófu upp raust sína og kölluðu: ‚Jesús, meistari, miskunna þú oss!‘

Er hann leit þá, sagði hann við þá: ‚Farið og sýnið yður prestunum.‘ Þeir héldu af stað og nú brá svo við, að þeir urðu hreinir.

En einn þeirra sneri aftur, er hann sá, að hann var heill orðinn, og lofaði Guð hárra raustu.

Hann féll fram á ásjónu sína að fótum Jesú og þakkaði honum. En hann var Samverji.

Jesús sagði: ‚Urðu ekki allir tíu hreinir? Hvar eru hinir níu?‘

Urðu engir til þess að snúa aftur að gefa Guði dýrðina nema þessi útlendingur?“<sup>9</sup>

Drottinn sagði í opinberun til spámannsins Josephs Smith: „Í engu misbýður maðurinn Guði, eða gegn engum tendrast heilög reiði hans, nema þeim sem ekki játa hönd hans í öllu.“<sup>10</sup> Megum við teljast meðal þeirra sem færa himneskum föður okkar þakkir. Ef vanþakklæti telst meðal hinna alvarlegustu synda, þá telst þakklæti meðal hinna göfugustu dyggða.

Þrátt fyrir breytingarnar sem verða á lífi okkar, og með þakklæti í hjörtum okkar, bið ég þess að við megum fylla daga okkar – eins og við getum – af því sem mestu skiptir. Megum við varðveita það sem er

okkur kært og tjá ást okkar í orði og verki.

Að lokum bið ég þess að við munum öll láta í ljós þakklæti fyrir Drottin okkar og frelsara, Jesú Krist. Hans dýrðlega fagnaðarerindi svarar stærstu spurningum lífsins: Hvaðan komum við? Hvers vegna erum við hér? Hvert fer andi minn þegar ég dey?

Hann kenndi okkur hvernig á að biðja. Hann kenndi okkur hvernig á að þjóna. Hann kenndi okkur hvernig á að lifa. Líf hans er kærleiksarfur. Hinn sjúka læknaði hann; hinum niðurnídda lyfti hann; hinn synduga frelsaði hann.

Sú stund kom að hann stóð einn. Sumir postularnir efuðust, einn sveik hann. Rómversku hermennirnir stungu síðu hans. Reiður múgurinn tók líf hans. Enn hljóma frá Golgata hæðinni samúðarfull orð hans: „Faðir, fyrirgef þeim, því að þeir vita ekki hvað þeir gjöra.“<sup>11</sup>

Áður, ef til vill þegar hann hugsaði um hátind jarðneskrar þjónustu sinnar, mælti hann þessi harmkvæli: „Refar eiga greni og fuglar himins hreiður, en Mannssonurinn á hvergi höfði sínu að að halla.“<sup>12</sup> „Ekkert rúm var í gistihúsinu“<sup>13</sup> var ekki eina höfnunin – aðeins sú fyrsta. Þó býður hann ykkur og mér að taka á móti sér. „Sjá, ég stend við dyrnar

og kný á. Ef einhver heyrir raust mína og lýkur upp dyrunum, þá mun ég fara inn til hans og neyta kvöldverðar með honum og hann með mér.“<sup>14</sup>

Hver var þessi harmþrungni maður, kunnugur sorginni? Hver er konungur dýrðarinnar, Drottinn hersveitanna? Hann er meistari okkar. Hann er frelsari okkar. Hann er sonur Guð. Hann er höfundur sáluhjálpur okkar. Hann biður: „Fylgið mér.“<sup>15</sup> Hann leiðbeinir: „Far þú og gjör hið sama.“<sup>16</sup> Hann biður: „Haldið boðorð mín.“<sup>17</sup>

Fylgjum honum. Förum að dæmi hans. Hljóðum orðum hans. Með því að gera svo færum við honum hina guðlegu gjöf þakklætis.

Bræður og systur, einlæg bæn mín er sú, að við megum aðlagast breytingum í lífi okkar, að okkur megi verða ljóst hvað er mikilvægast, að við látum ætíð í ljós þakklæti okkar, og gleðjumst þannig á ferð okkar. Í nafni Jesú Krists, amen.

#### HEIMILDIR

1. Meredith Willson og Franklin Lacey, *The Music Man* (1957).
2. Arthur Gordon, *A Touch of Wonder* (1974), 77–78.
3. William Shakespeare, *Two Gentlemen of Verona*, 1. þáttur, svið 2, lína 31.
4. Í samantekt Gortons Carruth og Eugene Erlich, *The Harper Book of American Quotations* (1988), 173.
5. Einkabréf.
6. Í samantekt Sarah Ban Breathnach, í John Cook, *The Book of Positive*

*Quotations*, 2. útg.

(2007), 342.

7. Borghild Dahl, *I Wanted to See* (1944), 1.

8. *I Wanted to See*, 210.

9. Lúk 17:12–18.

10. K&S 59:21.

11. Lúk 23:34.

12. Matt 8:20.

13. Sjá Lúk 2:7.

14. Op 3:20.

15. Matt 2:14.

16. Lúk 10:37.

17. K&S 11:6.

## LEIÐBEININGAR VARÐANDI „KENNSLU FYRIR OKKAR TÍMA“

Eftirfarandi leiðbeiningar varðandi kennslu á fjórða sunnudegi fyrir Melkisedeksprestðæmi og Líknarfélag koma í stað þeirra sem eru í Leiðbeiningar fyrir leiðtoga prestðæmis og aðildarfélaga varðandi námsefni 2005 til 2008.

Á fjórða sunnudegi hvers mánaðar skulu Melkisedeksprestðæmi og Líknarfélag halda áfram með náms-efnið „Kennsla fyrir okkar tíma“ á fundum sínum.

Eftirfarandi tekur gildi frá og með nóvember 2004: Nota skal Boðskap Æðsta forsætisráðsins og Boðskap heimsóknarkennara við kennslu allra lexía „Kennslu fyrir okkar tíma.“ Þau ykkar sem sitja kennslustund á fjórða sunnudegi eru hvött til að kynna sér síðasta boðskap og koma með hann í kennslustundina.